

**615. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
Þriðjudaginn 27. júní 2023  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 615 lögmætan.

Jón Ingi Jónsson óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að mál með málsnr. 2306338 verði tekið á dagskrá. Var það samþykkt samhljóða og verður það nr. 2 á dagskrá fundarins og færast aðrir dagskrárliðir neðar sem því nemur.

**Dagskrá:**

**1. Kjör oddvita og varaoddvita 2023 - 2306317**

Kjör oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar til eins árs í samræmi við 7. gr. Samþykktar um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

*Fram kom tillaga um að Lilju Magnúsdóttir verði oddviti sveitarstjórnar til eins árs. Ekki komu aðrar tillögur fram. Var tillagan borin upp og samþykkt með fjórum atkvæðum. JIJ greiddi atkvæði á móti.*

*Fram kom tillaga um Jóhann Örn Hreiðarsson sem varaoddvita sveitarstjórnar til eins árs. Ekki komu aðrar tillögur fram. Var tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.*

*Lilja Magnúsdóttir er því réttkjörin oddviti sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps til eins árs og Jóhann Örn Hreiðarsson rétt kjörinn varaoddviti sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps til eins árs.*

**2. Ósk um viðbót við sveitarstjórnarfund 27.06.2023 - 2306338**

Sveitarstjóri vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

*Jón Ingi Jónsson gerði grein fyrir tillögu sinni um að gengið verði til viðræðna við sveitarstjóra um starfslok hans og rökstuddi hana. Orðið var gefið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin upp til atkvæða og JIJ greiddi atkvæði með henni en LM, GJ, JLM og JÖH greiddu atkvæði gegn henni. Tillagan var því felld með 4 atkvæðum gegn I.*

*Oddviti lét bóka að hann bæri fullt traust til sveitarstjóra og starfa hans.*

**3. Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2306318**

Í febrúar 2023 samþykktu sveitarstjórnir Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar að skipa

samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samstarfsnefnd hefur skilað álit sínu til sveitarstjórna með skilabréfi dags. 14. júní ásamt fylgiskjölum.

Samstarfsnefndin kom saman á níu bókuðum fundum. Samstarfsnefnd skipaði sjö starfshópa sem fjölluðu um málaflokka sveitarfélaganna og lögðu fram efni og upplýsingar í greiningu og tillögugerð. Minnisblöð frá vinnu starfshópa eru aðgengileg á vefsíðu verkefnisins, [www.vestfirðingar.is](http://www.vestfirðingar.is), og hefur verkefnið verið kynnt á íbúafundum með virku samtali við íbúa.

Það er álit samstarfsnefndar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna. Lagt er til að atkvæðagreiðslu verði lokið 28. október 2023. Jafnframt leggur nefndin til að samstarfsnefnd verði falið að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum sveitarfélaganna.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir með fjórum greiddum atkvæðum að atkvæðagreiðsla um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar verði lokið 28. október 2023 og felur samstarfsnefnd að undirbúa atkvæðagreiðsluna og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum.*

*Sveitarstjórn skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hefja nú þegar undirbúning við gerð jarðgangna um Mikladal og Hálfðán í einni framkvæmd enda er sú framkvæmd forsenda fyrir farsælli sameiningu sveitarfélaganna. Það kom skýrt fram hjá íbúum að forsenda þess að sameining skili árangri sé að svæðið myndi einn búsetu-, atvinnu- og þjónustukjarna þar sem hægt er að ferðast milli byggðakjarna á öruggan hátt allan ársins hring. Vakin er athygli á því að jarðgöng um Mikladal og Hálfðán eru einnig í samræmi við stefnu stjórnvalda og Alþingis um að útrýma hættulegum fjallvegum, í samræmi við loftslagsstefnu, styður við jafnrétti á landsbyggðinni sem og uppbyggingu fiskeldis á svæðinu svo fá ein dæmi séu nefnd. Sveitarstjórn leggur til að hönnun jarðgangnanna verði sett á dagskrá fyrsta hluta samgönguáætlunar og að framkvæmd jarðgangnanna verði á öðrum hluta samgönguáætlunar.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir mat samstarfsnefndar, að undangengnu umfangsmiklu samráði og greiningu, að það væri framfaraskref að sameina sveitarfélögin í eitt sveitarfélag. Þannig verður til öflugt sveitarfélag með sterkari rekstrargrundvöll sem getur bætt þjónustu við íbúa, með aukinn slagkraft.*

*JIJ situr hjá við afgreiðslu málsins.*

#### **4. Breyting á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinseyrar - 2306283**

Lögð fram til staðfestingar samþykkt skipulagsnefndar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinseyrar og leggur nefndin til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál frá 10. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 20.06.2023.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps staðfestir samhljóða samþykkt skipulagsnefndar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinseyrar og að hún fái málsmeðferð skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **5. Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinseyrar - 2210466**

Lögð fram til staðfestingar samþykkt skipulagsnefndar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar og leggur nefndin til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

Mál frá 10. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 20.06.2023.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps staðfestir samhljóða samþykkt skipulagsnefndar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar og að hún fái málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **6. Reglur um fjárhagsaðstoð. - 2306289**

Reglur um fjárhagsaðstoð lagðar fram til staðfestingar.

Mál frá 47. fundi velferðarráðs sem fór fram 25.05.2023.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps staðfestir samhljóða framlagðar reglur um fjárhagsaðstoð.*

#### **7. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning - 2306327**

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning lagðar fram til staðfestingar.

Mál frá 47. fundi velferðarráðs sem fór fram 25.05.2023.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps staðfestir samhljóða framlagðar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning.*

#### **8. Sumarleyfi sveitarstjórnar 2023 - 2306324**

Tillaga um að reglubundnir fundir sveitarstjórnar í júlí 2023 falli niður vegna sumarleyfis í samræmi við 8. gr. Samþykktu um stjórn Tálknafjarðarhrepps. Næsti reglubundni fundur sveitarstjórnar mun þá fara fram þriðjudaginn 08.08.2023.

*Tillagan er samþykkt samhljóða.*

#### **9. Skipulagsnefnd - 10 - 2306003F**

Fundargerð 10. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 20.06.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

9.1 2110138 - Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði

9.2 2306283 - Breyting á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar

9.3 2210466 - Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Gil- og Eysteinsyrar

9.4 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

#### **10. Rekstraryfirlit 2023 - 2306328**

Rekstraryfirlit vegna 4 fyrstu mánaða ársins 2023.

*Lagt fram.*

#### **11. Framkvæmdir 2023 - 2303171**

Minnisblað vegna stöðu verklegra framkvæmda 2023.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum að farið verði í nauðsynlega endurnýjun skolplagna í Túngötu og þannig tækifærið nýtt á meðan skurður í götunni er opinn.*

*Viðbótarframkvæmdir verði fjármagnaðar með því að færa á milli framkvæmdaliða. Sveitarstjóra falið að leggja fram nánari kostnaðaráætlun og viðauka vegna þessa á fundi sveitarjórnar í ágúst.*

*GJ sat hjá við afgreiðslu málsins.*

**12. Starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar - 2304095**

Farið yfir stöðu mála vegna ráðningar í starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar.

*Lagt fram.*

**13. Útboð viðhald og sláttur opinna svæða 2023 - 2301027**

Samningur um slátt á opnum svæðum í Tálknafirði undirritaður í júní 2023.

*Lagt fram.*

**14. Reiðhjólamótið The Westfjordsway Challenge - 2306303**

Erindi frá Vegagerðinni dags. 21.06.2023 varðandi afnotaleyfi Vegagerðarinnar vegna „Arna - The Westfjordsway Challenge“, reiðhjólamót.

*Lagt fram.*

**15. Samgönguáætlun 2024-2038 - 2306329**

Tillaga innviðaráðherra til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Tillagan er til umsagnar í samráðsgátt og er umsagnarfrestur til 31.07.2023.

*Samþykkt samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna umsögn um tillögu innviðaráðherra til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 í samráði við fulltrúa í sveitarstjórn og senda inn fyrir tilskilinn frest.*

**16. Skýrsla starfshóps um stök úr sjókvíaldri - 2306313**

Skýrsla starfshóps um stök úr sjókvíaldri gefin út af Matvælaráðuneytinu í maí 2023. Skýrslan er til umsagnar í samráðsgátt og er umsagnarfrestur til 24.07.2023.

*Lagt fram.*

**17. Málefni Tálknafjarðarhrepps - 2306309**

Erindi frá Hafdísí H. Bjarnadóttur móttekið 22.06.2023 varðandi ýmis málefni er varða sveitarfélagið.

*Sveitarstjórn þakkar erindið og ábendingarnar og felur sveitarstjóra að svara erindinu.*

**18. Tilkygning um aflúsun - 2306295**

Erindi frá Arnarlaxi dags. 15.06.2023 þar sem tilkynnt er um aflúsun sem fer fram á eldisstöð fyrirtækisins við Tjaldanes í Arnarfirði 20.06.2023-28.06.2023.

*Lagt fram.*

**19. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025**

*Upplýsingagjöf rædd.*

**20. Fundargerðir velferðarráðs 2023 - 2301047**

Fundargerð 47. fundar velferðarráðs sem fór fram 25.05.2023.

*Lagt fram.*

**21. Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046**

Fundargerðir funda samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fóru fram 09.06.2023 og 14.06.2023.

*Lagt fram.*

**22. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301063**

Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 929 sem fór fram 09.06.2023 og nr. 930. sem fór fram 15.06.2023.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:36.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ)